



SPARISJÓÐUR BOLUNGARVÍKUR

Sparisjóður Bolungarvíkur

Skráningarlýsing skuldabréfa
1. flokkur 2005
nóvember 2005



ÍSLENSK VERÐBRÉF
-fyrst og fremst í fjármálum!

YFIRLÝSINGAR

YFIRLÝSING ÚTGEFANDA

Stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur, kt. 610269-7379, Aðalstræti 14, 415 Bolungarvík, lýsir því yfir að upplýsingar í skráningarlýsingu skuldabréfa Sparisjóðs Bolungarvíkur, 1. flokkur 2005 séu eftir bestu vitund hennar, í fullu samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif geti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans.

Athygli er vakin á því að skráningarlýsingin er unnin skv. undanþágu í 4. gr. viðauka IV við reglugerð 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Bolungarvík, 30.11.2005
f.h. Sparisjóðs Bolungarvíkur


Ásgeir Sólbergsson, kt. 151155-4219
Sparisjóðsstjóri

YFIRLÝSING UMSJÓNARAÐILA

Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, Strandötu 3, 600 Akureyri, lýsa því yfir að við gerð skráningalýsingarinnar var aflað þeirra gagna sem að mati Íslenskra verðbréfa hf. voru nauðsynleg til þess að gefa rétta mynd af Sparisjóði Bolungarvíkur og verðbréfum hans og að mati Íslenskra verðbréfa hf. var engu atriði sleppt sem áhrif gæti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Athygli er vakin á því að skráningarlýsingin er unnin skv. undanþágu í 4. gr. viðauka IV við reglugerð 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Akureyri, 28.11.2005
f.h. Íslenskra verðbréfa hf.



Sævar Helgason, kt. 020773-5109
framkvæmdastjóri

YFIRLÝSING ENDURSKOÐANDA

Ég undirritaður endurskoðandi, Endurskoðun Vestfjarða ehf., kt. 561100-2680 Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík, hef endurskoðað og áritað, án fyrirvara ársreikninga Sparisjóðs Bolungarvíkur fyrir árin 2002, 2003 og 2004 og kannað árshlutareikning sparisjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2005. Ég staðfesti að ársreikningarnir eru í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Bolungarvík, 30.11.2005
f.h. Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Jón Þorgeir Einarsson kt. 220562-4259
Löggiltur endurskoðandi

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

1. Upplýsingar um útgefanda

ÚTGEFANDI

Sparisjóður Bolungarvíkur., kt. 610269-7379, Aðalstræti 14, 415 Bolungarvík.

SAMÞYKKI SKULDABRÉFAÚTGÁFU

Stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur samþykkti á fundi þann 17. ágúst 2005 þessa skuldabréfaútgáfu. Samþykkt var að veita sparisjóðsstjóra heimild til að gefa út allt að 350.000.000 kr. að nafnverði. Flokkurinn er lokaður.

STARFSEMI

Sparisjóður Bolungarvíkur starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Hlutverk hans er að stunda sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í áður tilgreindum lögum.

2. Skráning og viðskiptavakt

UMSJÓNARAÐILI OG MILLIGANGA VEGNA SKRÁNINGAR

Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, Strandgötu 3, 600 Akureyri.

SKRÁNING

Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka 1. flokk 2005 skuldabréfa Sparisjóðs Bolungarvíkur á skrá og verða bréf að upphæð kr. 350.000.000,- að nafnverði skráð þann 6.12.2005 enda uppfylli bréfin skilyrði skráningar.

AUÐKENNI

Auðkenni skuldabréfanna í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands er SPBOL 05 1. ISIN-númer bréfanna er IS0000011005.

3. Almennar upplýsingar um skuldabréfin

NAFNVERÐ, LÁNSTÍMI FLOKKS OG SÖLUTRYGGING

Heildarnafnverð 1. flokks 2005 er 350.000.000 kr. Útgáfudagur bréfanna var 19. ágúst 2005. Bréfin eru gefin út til 5 ára. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með einni afborgun þann 19. ágúst 2010. Bréfin voru sölutryggð af Íslenskum verðbréfum hf., kt. 610587-1519, Strandgötu 3, 600 Akureyri.

NAFNVEXTIR OG VERÐTRYGGING

Skuldabréfin eru gefin út til 5 ára og greiðist verðbættur höfuðstóll skuldarinnar með einni greiðslu þann 19. ágúst 2010. Skal höfuðstóll skuldarinnar reiknaður út á gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út.

Vextir af skuld þessari eru 4,50% fastir ársvextir af uppfærðum höfuðstól skuldarinnar, sbr. að framan. Vextir reiknast frá 19. ágúst 2005 sem er útgáfudagur bréfsins og greiðast á 5 gjalddögum, þann 19. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 19. ágúst 2006 og í síðasta sinn 19. ágúst 2010.

Skuldabréfin eru bundin vísitölu neysluverðs, sem er reiknuð og birt af Hagstofu Íslands skv. lögum nr. 12/1995, til verðtryggingar með grunnviðmiðun 242,7 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni

milli gjalddaga. Bréfin eru án uppgreiðsluheimildar og víkja ekki fyrir öðrum skuldum útgefanda. Engin hlunnindi fylgja bréfunum.

EININGAR SKULDABRÉFANNA

Bréfin eru gefin út í 5.000.000 kr. einingum. Gefin hafa verið út 70 bréf sem skráð hafa verið rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Sem starfar í samræmi við lög nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Auðkenni flokksins er SPBOL 05 1 og ISIN auðkenni IS0000011005.

ÁVÖXTUNARKRAFA OG SÖLUGENGI

Útgáfudagur bréfanna var 19. ágúst 2005 og var ávöxtunarkrafa á fyrsta söludegi 4,85% og sölugengi 0,98600.

KOSTNAÐUR

Sparisjóður Bolungarvíkur greiðir allan kostnað vegna skráningar og reksturs skuldabréfaflokks í Kauphöll Íslands sem fer eftir verðskrá Kauphallarinnar á hverjum tíma. Bréfin eru ekki stimpilskyld. Áætlaður kostnaður er 3.901.000 kr.

VIÐSKIPTAVAKT

Engin viðskiptavakt er með flokkinn.

TILGANGUR SÖLUNNAR

Að afla fjár til starfsemi Sparisjóðs Bolungarvíkur.

HEILDARFJÁRHÆÐ SEM AFLAST MEÐ ÚTBODINU

Heildarfjárhæð sem aflaðist með útboðinu var 341.649.000 kr.

FYRIRKOMULAG SÖLU OG SÖLUTÍMABIL

Skuldabréfin voru seld til fagfjárfesta í lokuðu útboði þann 19. ágúst 2005. Flokkurinn er lokaður. Sala og afhending fór fram gegn staðgreiðslu.

UMSJÓN MEÐ SÖLU OG SKRÁNINGU

Verðbréfamíðlun Íslenskra verðbréfa hf. kt. 610587-1519, Strandgötu 3, 600 Akureyri.

GREIÐSLUSTAÐUR

Sparisjóður Bolungarvíkur mun, fyrir milligöngu Verðbréfaskráningar Íslands hf., greiða skuldabréfin á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS-reikning. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlega greiðslur inn á reikning eigenda.

TRYGGINGAR

Sparisjóður Bolungarvíkur ábyrgist endurgreiðslu bréfanna með tekjum sínum og eignum. Engin forkaupsréttakvæði fylgja útgáfu skuldabréfanna.

FYRNINGARÁKVÆÐI

Kröfur samkvæmt skuldabréfum þessum fyrnast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá gjalddaga, skv. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfurettinda. Vaxtakröfur fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga.

VIÐTÖKURDRÁTTUR OG VANSKIL

Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannarlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands sbr. 1. mgr. 6. gr. Laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð. Undantekning er ef gjalddagi

skuldabréfanna er á lokuðum bankadegi og skuldari greiðir á næsta opna bankadegi, þá er ekki um dráttarvexti að ræða.

Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 14 dögum eftir gjalddaga, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannarlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS reikningi hjá reikningsstofnun ásamt bankareikningi tengdum viðkomandi VS reikning, er skuldabréfaeiganda heimilt að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ef skuldabréfaeigandi er ekki með VS reikning hjá reikningsstofnun eða ekki með bankareikning tengdan við VS reikning sem hefur verið stofnaður og greiðsla hafi ekki verið innt af hendi 14 dögum eftir þann dag að gjaldfallinnar greiðslu er vitjað með sannarlegum hætti á skrifstofum Sparisjóðs Bolungarvíkur að Aðalstræti 14, Bolungarvík, er skuldabréfaeiganda heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvararlaust og án uppsagnar. Sama gildir ef skuldari leitar nauðasamninga eða bú hans tekið til gjaldþrotaskipta.

Verði skuldin gjaldfelld samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun samkvæmt 7. gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum og frekari fullnustuaðgerðum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

FRAMSÖL

Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og er reikningsstofnun, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim. Eignaskráning rafréfa hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréf þessi.

SKATTAMÁL OG STIMPILSKYLDA

Skattaleg meðferð bréfanna fer eftir skattalögum á hverjum tíma. Samkvæmt 5. tl. 73. gr. laga um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003 teljast bréf þessi til eignarskattstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti af vaxtagreiðslum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, sbr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Skuldabréf þessi eru undanþegin stimpilgjaldi skv. 110. gr. laga um skattskyldu lánastofnana nr. 161/2002.

MEÐFERÐ ÁGREININGS

Rísi mál út af skuldabréfum skal reka þau fyrir Héraðsdómi Vestfjarða, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

UPPLÝSINGAR OG GÖGN

Skráningarlýsingu og önnur gögn um Sparisjóð Bolungarvíkur sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari má nálgast hjá Íslenskum verðbréfum hf., kt. 610587-1519, Strandgötu 3, 600 Akureyri, veffang www.iv.is.

4. Almennar upplýsingar um útgefandann

Sparisjóður Bolungarvíkur starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sem tóku gildi 1. janúar 2003. Starfsemi Sparisjóðs Bolungarvíkur fellur undir Fjármálaeftirlitið og þarf að uppfylla reglur um eiginfjárhlutfall skv. CAD-reglum sem og önnur ákvæði laga og reglna. Hlutverk Sparisjóðs Bolungarvíkur er að stunda sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í áður greindum lögum. Eins og segir í 3. gr. Samþykktu sparisjóðsins starfar hann samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og er hlutverk hans að stunda sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í þeim lögum. Sparisjóður Bolungarvíkur var stofnaður þann 15. apríl árið 1908. Aðsetur sparisjóðsins er að Aðalstræti 14, 415 Bolungarvík. Sparisjóður Bolungarvíkur rekur einnig útibú að Aðalgötu 8, 430 Suðureyri. Sparisjóðsstjóri er Ásgeir Sólbergsson. Stöðugildi voru 15 að meðaltali hjá sparisjóðnum árið 2004. Stofnfé Sparisjóðs Bolungarvíkur nam þann 30.6.2005 118.152.403 kr.- samkvæmt árschlutareikningi og skiptist á 211 aðila.

ÝMSAR UPPLÝSINGAR

Sparisjóður Bolungarvíkur á ekki í málaferlum né gerðadómsmálum sem kunna að hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu hans. Engin umtalsverð truflun hefur orðið á starfsemi Sparisjóðs Bolungarvíkur frá stofnun hans sem hefur eða kann að hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu hans.

Lykiltölur úr rekstri

Í þúsundum kr.	30.6.2005	2004	2003	2002
Vaxtatekjur	185.324.537	361.743.424	344.535.010	425.880.366
Vaxtagjöld	113.950.578	247.268.332	238.117.685	266.451.301
Hreinar vaxtatekjur	71.373.959	114.475.092	106.417.325	159.429.065
Aðrar rekstrartekjur	117.761.995	194.750.600	144.386.467	79.500.540
Önnur rekstrargjöld	82.849.970	140.437.102	147.154.236	134.827.697
Framlag til afskriftarreiknings útlána	(30.688.782)	(97.202.045)	(98.699.641)	(89.687.896)
Hagnaður fyrir skatta og óreglulega liði	75.597.202	71.586.545	4.949.915	14.414.012
Hagnaður	66.673.118	57.129.480	1.088.221	10.143.822

Lykiltölur úr efnahag

Í þúsundum kr.	30.6.2005	2004	2003	2002
Sjóður og bankainnistæður	245.354.551	997.191.751	1.847.821.229	1.194.207.665
Útlán	2.985.707.691	2.675.889.174	2.393.375.451	3.057.363.290
Markaðsskuldabréf og eignarhlutar í félögum	1.539.708.799	1.433.524.311	1.156.014.068	934.637.372
Aðrar eignir	88.234.171	91.528.223	99.628.940	103.062.829
Eignir alls	4.859.005.211	5.198.133.458	5.496.839.688	5.289.271.156
Skuldir við lánastofnanir	461.479.703	818.649.200	1.047.325.084	958.508.551
Innlán	2.323.323.368	2.316.305.600	2.353.184.828	2.073.103.434
Lántaka	973.374.659	939.085.822	1.132.316.032	1.299.687.704
Aðrar skuldir	14.496.800	25.357.894	19.288.256	18.898.750
Reiknaðar skuldbindingar	148.160.074	136.571.168	122.048.239	109.768.930
Vikjandi lán	76.064.042	161.419.918	85.251.737	82.990.712
Eigið fé	862.106.565	800.743.856	737.425.512	746.313.075
Skuldir og eigið fé alls	4.859.005.211	5.198.133.458	5.496.839.688	5.289.271.156

Sjóðstreymi

Í þúsundum kr.	30.6.2005	2004	2003	2002
Handbært fé frá (til) rekstrar	88.138.222	(14.328.010)	(103.609.016)	182.109.226
Fjárfestingahreyfingar	186.319.609	569.961.631	103.510.167	(268.242.480)
Fjármögnunahreyfingar	(459.294.504)	(415.129.133)	165.907.524	97.902.822
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	(184.836.673)	140.504.488	165.808.675	11.769.568
Handbært fé í byrjun árs	363.191.377	222.686.889	56.878.214	45.108.646
Handbært fé í árslok	178.354.704	363.191.377	222.686.889	56.878.214

Eignarhlutar í öðrum félögum

Sparisjóðurinn hefur fjárfest í nokkrum félögum, sem ekki eru skráð í Kauphöll Íslands. Eignarhlutarnir eru eignfærðir á framreiknuðu kostnaðarverði og greinast þannig, í þúsundum króna:

	Kennitala	Aðsetur	Eignarhluti	Nafnverð	Bókfært verð
Kreditkort hf.	440686-1259	Ármúla 28, 108 Reykjavík	0,45%	2.059	1.202
Greiðslumiðlun hf.	500683-0589	Álfabakka 16, 109 Reykjavík	0,56%	2.495	5.499
S.P. fjármögnun hf.	620295-2219	Sigtúni 42, 105 Reykjavík	2,37%	9.428	36.869
Íslensk verðbréf hf.	610587-1519	Strandgötu 3, 600 Akureyri	3,22%	7.042	28.400
Fjárfestingarfélag sparisjóðanna hf.	510400-2670	Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík	7,33%	75.000	79.000
Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna hf.	430804-2190	Kringlunni 6, 103 Reykjavík	3,96%	4.352	4.352
Sparisjóður Hornarfjarðar, stofnfé.	640491-1249	Hafnarbraut 36, 780 Höfn	0,72%	541	508
Sparisjóður Vestfirðinga, stofnfé.	610269-2499	Fjarðargötu 2, 470 Þingeyri	3,88%	6.624	6.446
Sparisjóður Suður-Þingeyinga stofnfé.	530990-2149	Kjarna Laugum, 650 Laugar	9,76%	441	386
Smárahúsið ehf.	660199-3149	Hlíðarsmára 19, 200 Kópavogur	3,00%	76	86
Fasteignir IV ehf.	410202-3790	Skipagötu 9, 600 Akureyri	7,96%	40	40
Ófæra ehf.	580500-3150	Aðalstræti 14, 415 Bolungarvík	100%	500	500
Norðureyri ehf.	541103-2280	Freyjugötu 2, 430 Suðureyri	100%	500	500
CF fjárfestingar.	700505-0220	Borgartúni 27, 105 Reykjavík	100%	500	500
Fiskbitar ehf.	440194-2069	Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík	31,47%	4.720	9.440
Snerpa ehf.	430197-2319	Mánagötu 6, 400 Ísafjörður	7,14%	250	300
Intrum hf.	701195-3109	Laugavegi 97, 101 Reykjavík	0,65%	6	3.216
Creditinfo Group.	610303-3580	Brautarholt 10-14, 105 Reykjavík	0,50%	167	701
Gná hf.	460598-3979	Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík	11,10%	20.000	0
Bakkavík hf.	700501-2130	Hafnargötu 80-96, 415 Bolungarvík	21,74%	40.702	38.702
					216.647

Sparisjóðurinn stendur að rekstri nokkurra félaga ásamt öðrum. Eignarhlutar í þessum félögum eru færðir á því verði sem svarar til hlutdeildar Sparisjóðsins í eigin fé þeirra og greinast þannig, í þúsundum króna:

	Kennitala	Aðsetur	Eignarhluti	Nafnverð	Bókfært verð
Sparisjóðabanki Íslands hf.	681086-1379	Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík	3,27%	19.906	131.538
Reiknistofa bankanna.	551073-0339	Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík	0,35%	2.923	5.478
Tölvumiðstöð sparisjóðanna.	700389-1119	Hlíðarsmára 19, 201 Kópavogur	2,43%	6.517	6.613
					143.629

STJÓRN, STJÓRNENDUR OG ENDURSKOÐENDUR

Stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur:

Formaður: Finnbogi Jakobsson, kt. 010241-4139, Holtastíg 20, 415 Bolungarvík.
Varaformaður: Ólafur P. Benediktsson, kt. 020353-5629, Völusteinsstræti 4, 415 Bolungarvík.
Ritari: Runólfur K. Pétursson, kt. 070960-3549, Ljósalandi 9, 415 Bolungarvík.
Meðstjórnandi: Stefanía Birgisdóttir, kt. 010357-4549, Dísarlandi 10, 415 Bolungarvík.
Meðstjórnandi: Snorri Sturluson, kt. 200950-3809, Aðalgötu 12, 430 Suðureyri.

Helstu stjórnendur:

Sparisjóðsstjóri: Ásgeir Sólbergsson, kt. 151155-4219, Dísarlandi 2, 415 Bolungarvík.
Staðgengill sparisjóðsstjóra: Steinunn Annasdóttir, kt. 040341-4559, Hlíðarvegi 18, 415 Bolungarvík.

Endurskoðandi:

Endurskoðun Vestfjarða ehf., Jón Þorgeir Einarsson, löggiltur endurskoðandi, kt. 220562-4259, Höfðastíg 14, 415 Bolungarvík.